

Því dæmist rjetta vera:

Afrýjandinn, Halldór prófastur Bjarnarson, á að greiða stefnda, Þórarni Benjaminssyni, 81 kr. 73 a. með 5% vöxtum frá sáttakæru-degi 9. maí 1893, unz greitt er. Að öðru leyti á hjeraðsdómurinn að vera óraskadur. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 43/1895.

Dánarbú Stefáns Ólafssonar.
 gegn
 Rafni Sigurðssyni.

Dómur:

Hinn 24. ágúst 1885 gaf stefndi Rafn Sigurðson, skósmiður hjer í bænum, tengdaföður sínum Stefáni bónda Ólafssyni í Kalmanstungu brjeflega viðurkenningu fyrir því, að hann hefði tekið til láns hjá honum 3000 kr., er hann lofaði að greiða af 4% í vöxtu árlega, og vedsetti hann til tryggingar skuldinni hús sitt í Vallarstræti í Reykjavík næst eptir 1200 kr. vedskuld til landsbankans. Þar næst segir í viðurkenningarskjalinu, að af skuldarupphæðinni (3000 kr.) sjeu þegar borgaðar 800 kr. og dragist því frá áskildum rentum eptir fyrri hluta bjefsins árlegar rentur af 800 kr. Loks var tekið fram í brjefinu, að það skyldi útgefið í tvennu lagi, en það var þó aldrei gjört; en þetta eina eintak, sem út var gefið, geymdi Ólaf-

ur búfræðingur, sonur Stefáns og mágur Rafns, sem átti heima í Kalmanstungu, fyrir föður sinn. Stefán bóndi Ólafsson andaðist 31. ágúst 1892. Þegar bú hans var skrifað upp og virt 4. okt. s. á., var skuld stefnda samkvæmt ofangreindu skuldabryfi 24. ágúst 1885, að upphæð 2200 kr., talin með eignum dánarbúsins, og mætti við uppskriftina fyrir hönd stefnda eptir beiðni hans fyrnefndur Ólafur Stefánsson, mágur stefnda. Á skiptafundi í dánarbúinu 18. maí 1893 mætti annar maður af hendi stefnda, og skýrði hann þá frá því, að greind skuld stefnda til búsins væri fyrir löngu greidd, að undanskildum 67 kr. 50 a., sem eptir stæðu, og lagði hann fram því til sönnunar kvittunarskjal, dags. 27. júlí 1889, undirskrifað af tengdaföður stefnda, Stefáni bónda Ólafssyni. Með því að hlutaðeigendum í búinu, sjerstaklega fyrnefndum syni Stefáns bónda, er enn þá geymd skuldabryfið 24. ágúst 1885, kom það nokkuð kynlega fyrir, að skuldinni skyldi vera lokið, en umboðsmaður stefnda á hinn bóginn eigi gat gefið nein- ar frekari upplýsingar í því efni, var ályktað að fá skýrslu stefnda sjálfs í því tilliti. Skýrði stefndi síðar frá því í bryfi, dags. 6. júlí s. á., að hann hefði borgað megnið af skuldinni (2200 kr. þeim er skuldabryfið 24. ág. 1885 ræddi um) um leið og hann hefði fengið kvittunina 27. júlí 1889, en vísaði að öðru leyti til þess, sem umboðsmaður sinn við skiptin myndi gefa upplýsing um, en umboðsmaður þessi skýrði frá því á næsta skiptafundi í búinu, að stefndi hefði sagt sjer, að hann

hefði upp í skuldina borgað 500 kr. fyrir hönd tengdaföður síns til Guðmundar nokkurs Guðmundssonar í Hnausakoti, sömuleiðis »eithvað« til Andrjesar Andrjessonar verzlunarþjóns í Reykjavík upp í skuld, er Stefán sál. stóð í við hann, og hafi sú upphæð einnig átt að ganga upp í skuld stefnda til tengdaföður hans; og enn hefði stefndi borgað fleiri mönnum peninga fyrir tengdaföður sinn, er koma hefðu átt upp í skuldina, en umbodsmadurinn sá sjer ekki fært að skýra frá, hverjir þessir menn hefðu verið eða hve mikið hefði verið borgað á þennan hátt upp í skuldina. Með því að hlutaðeigendum í búinu þótti eigi vera fram komin sönnun fyrir því, að skuld stefnda væri greidd, og með því að ný áskorun til stefnda um að færa fram frekari sannanir fyrir lúkningu skuldarinnar varð árangurslaus, var síðan höfðað mál gegn stefnda fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur, eptir að málið hafði árangurslaust verið lagt til sætta samkvæmt sáttakæru, dags. 4. ágúst 1894, og var þess krafizt fyrir bæjarþingsrjettinum, að stefndi væri dæmdur til að greiða dánarbúinu: 1, vaxtaeptirstöðvar til 27. júlí 1889 67 kr. 50 a.; 2, höfuðstól skuldarinnar 2200 kr.; 3, 4% vexti af 2200 kr. frá 27. júlí 1889 til sáttakærudags, en 5% vexti frá þeim degi til borgunardags; 4, málskostnað með 50 kr. eða eptir mati rjettarins. Hinn stefndi krafðizt aptur á móti sýknunar fyrir öðru af skuldinni en 67 kr. 50 a., er hann viðurkenndi ógreiddar af höfuðstóli, svo og málskostnaðar með nægilegri upphæð. Málið var síð-

an dæmt á bæjarþinginu 7. marz f. á. þannig, að stefndi var sýknaður af kröfum dánarbúsins að öðru leyti en því, að hann skyldi greiða því 67 kr. 50 a., og málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum bæjarþingsdómi hefir skiptaráðandinn í dánarbúi Stefáns heit. Ólafssonar fyrir bú-
sins hönd áfrýjað til yfirdómsins með stefnu útgef-
inni 5. sept. f. á., og hefir hann hjer fyrir rjett-
inum gjört hinar sömu dómskröfur og fyrir undir-
rjettinum, með þeirri breytingu, að frá hinum
heimtuðu vöxtum dragist 60 kr. sem andvirði
einnar brennivinstunnu, er Stefán heit. Ólafsson
hafi fengið frá stefnda, svo krefst hann og máls-
kostnaðar að skaðlausu, eða 200 kr. upp í máls-
kostnað. Hinn stefndi hefir aptur á móti krafizt
þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og
áfrýjandi skyldaður til að greiða honum málskost-
nað fyrir yfirdómi með 100 kr. eða annari nægi-
legri upphæð.

Hinn stefndi hefir borið fyrir sig sem einustu
varnarástæðu gegn kröfu áfrýjanda um greiðslu
ofangreindrar skuldarupphæðar fyrtjeð kvittunar-
skjal 27. júlí 1889, sem hljóðar þannig: »Hjer með
kvittera jeg undirskrifaður Stefán Ólafsson bóndi
í Kalmanstungu herra skósmið Rafn Sigurðsson
í Reykjavík fyrir öllum rentum og afborgun til
dags dato, nema að eins 67 kr. 50 a., er hann
skuldar mjer, og eru okkar viðskipti að öllu leyti
hjer með klár hvað annað snertir nema ofanskrif-
aðar 67 kr. 50 a., er Rafn skuldar mjer«. Með
þessari kvittun, sem eigi er vefengt að sje undir-

skrifuð af tengdaföður hans og viðurkennt að á-
lærari skuld þá, er ræðir um í skuldabréfinu 24.
ágúst 1885, álitur stefndi sig hafa fært fulla sönn-
un fyrir lúkningu skuldarinnar, sem hann kveðst
hafa greitt tengdaföður sínum að fullu, en hann
hefir neitað í málinu að gefa nokkrar upplýsing-
ar um það, á hvern hátt og hvenær hann hafi
greitt skuldina, frekari en þær, er hann hafði
þegar gefið áður en málið hófst og skýrt er frá
hjer að framan. Þó hefir hann breytt fyrri skýrslu
sinni svo fyrir bæjarþingsrjettinum, að 500 kr.
þær er áttu að hafa verið greiddar Guðmundi Guð-
mundssyni í Hnausakoti fyrir hönd Stefáns Ólaf-
ssonar samkvæmt skýrslu stefnda fyrir skiptarjett-
inum, tjáir hann nú Guðmund að eins hafa fært
Stefáni Ólafssyni frá stefnda upp í skuldina. Svo
telur hann og nú skuld Stefáns Ólafssonar til And-
rjesar Andrjessonar, er hann kveðst hafa borgað
fyrir Stefán smátt og smátt að mestu leyti, hafa
verið alls 600 kr.

Áfrýjandinn hefir neitað því, að kvittunar-
skjalið 27. júlí 1889, þótt það sje útgefið af Stef-
áni Ólafssyni og hljóði um umrædda skuld að
vissu leyti, innifeli í sjer viðurkenningu Stefáns
fyrir því, að skuldin sje að fullu borguð að und-
anskildum 67 kr. 50 a., og hann neitar yfir höfuð
að stefndi hafi borgað framantaldar upphæðir eða
nokkuð upp í skuldina, meðan ekki sjeu færðar full-
ar sannanir fyrir því, en það hafi stefndi eigi gjört.

Eptir orðalagi optnefnds kvittunarskjals, þá
má að visu leiða þann skilning út úr því, sjer-

staklega síðara hluta þess, að með því sje öllum skuldaskiptum málsaðilanna lýst lokið, þar með einnig skuldinni eptir skuldabryjefinu 24. ágúst 1885; en hins vegar verður þess eigi dulizt, að það samrýmist illa orðunum í fyrra hluta skjalsins: »kvittera fyrir öllum rentum og afborgun til dags dato nema« »að skilja þau eins og stæði »kvittera fyrir rentum öllum og höfuðstól nema« og þar sem þessi orð í kvittuninni hníga einmitt beint og ótvíræðlega að greindri skuld, virðist hið rjetta vera að láta þau ráða mestu um það, hve langt kvittunin nær að því þá skuld snertir; og eptir þeim einum sjer að dæma er kvittunin eigi kvittun fyrir allri skuldinni að undanskildum 67 kr. 50 a. Spurningin verður þá, hvort eigi megi finna þrengri merkingu í síðari hluta kvittunarinnar en þá, að hann yfirgrípi öll skuldaskipti málsvideigenda, en þeirri spurningu verður að svara játandi. Það er upplýst af áfrýjanda, að stefndi ljet tengdaföður sinn fá ýmsar vörur sjerstaklega brennivín upp í rentur af skuldinni, og að þeir áttu á ýmsan hátt margvísleg viðskipti saman, t. d. geymdi stefndi, sem átti heima í Reykjavík, ávallt sparisjóðsbók Stefáns, seldi fyrir hann kindur o.fl. Það má einnig álíta vidurkennt, að þeir mágar hafi eigi gjört upp þessi viðskipti sín fyrir langan tíma, jafnvel eigi síðan 1885, þegar Stefán var staddur í Reykjavík í júlí 1889 og kvittunin var útgefin. Þá gjörðu þeir upp viðskipti sín, þarmed taldar rentuborganir af skuldabryjefinu 24. ágúst 1885, og var þá eigi nema edlilegt, að þau við-

skipti væru lýst »klár« í kvittuninni, um leið og kvittað var fyrir rentunum, þar sem önnur hliðin á þeim voru einmitt rentuborganirnar. Samkvæmt þessu virðist jafnvel eðlilegast að skilja kvittunina svo, að með henni sje stefndi kvittaður fyrir öllum rentum til 27. júlí 1889 og afborgun, er lúka átti innan þess dags (en þar getur að eins verið að ræða um 800 króna afborgun þá, er nefnd er í skuldabryjefinu sjálfu, þar sem engin önnur afborgun er áskilin í því) og um leið sjeu lýst »klár« öll önnur lausaviðskipti málsaðilanna, sem stóðu í svo nánú sambandi við rentuborganirnar. En auk þess sem það í sjálfu sjer er eigi sennilegt eptir orðum kvittunarinnar, að hún sje kvittun fyrir öllum höfuðstól skuldarinnar (2200 kr.) að undanskildum 67 kr. 50 a., er einnig ýmislegt fleira framkomið í málinu, sem bendir til að svo sje eigi. 1. Í skuldabryjefinu var engin afborgun áskilin og stefndi þurfti eigi að borga af skuldinni nema eptir hentugleikum, og þó að sýnt hafi verið fram á það af áfrýjanda, að stefndi átti fullt í fangi þau árin, sem hann á að hafa lokið skuldinni, og fengi þá lánað jarðarveð hjá tengdaföður sínum, sem hann fjekk lán út á í landsbankanum, sem enn er óbargað, þá hefir hann eigi borið við í máli þessu að upplýsa, hvernig á því stóð, að hann þó borgaði skuldina til tengdaföður síns, sem mátti bíða hentugleika hans. 2. Eptir skýrslu stefnda á hann að hafa borgað megnið af allri skuldinni um leið og kvittunin var útgefin, en þó skilið þá eptir einar 67 kr. 50 a.,

sem er fremur ósennileg upphæð undir þeim kringumstæðum. 3. Þessa upphæð á stefndi að hafa látið standa óborgaða frá 27. júlí 1889 til dauða tengdaföður síns og lengur, þótt þeir ættu viðskipti eptir það. 4. Skuldabryfið var geymt áfram heima hjá tengdaföður stefnda, og ekkert ritað á það um borgun nær allar skuldarinnar. Ennfremur eru sennilegar líkur færðar fyrir því 5., að Stefán Ólafsson hafi álitnið skuldina óborgaða síðustu ár sín og eptir að kvittunin var útgefin, og loks má telja það sannað, eða sterkar líkur fram komnar fyrir því 6., að skýrsla stefnda um, að 500 kr. þær, er Guðmundur Guðmundsson í Hnausakoti færði Stefáni Ólafssyni frá stefnda, hafi verið borgun frá stefnda upp í hjer um rædda 2200 króna skuld, sje eigi rjett, en að þessar 500 kr. hafi gengið þeirra máganna á milli, áður en skuldabryfið 24. ág. 1885 var út gefið, og að þær jafnvel hafi verið, eigi úr vasa stefnda, heldur af peningum Stefáns í sparisjóði í Reykjavík, er stefndi tók út fyrir hann þar.

Að öllu þessu yfirveguðu og þegar einnig er tekið tillit til hinnar dularfullu framkomu hins stefnda í málinu, þar sem hann hefir með öllu tregðazt við að gefa nauðsynlegar upplýsingar í því, sem honum þó að ýmsu leyti hlýtur að hafa verið innan handar að gefa, sem sje um það, hvernig og hve nær hann hafi borgað 2200 kr. skuldina til tengdaföður síns, en af hálfu sækjanda hefir þrásækilega verið skorað á hann að skýra ýtarlega frá því, verður eigi álitnið, að kvitt-

unarskjal það frá 27. júlí 1889, er hann hefir byggt á alla vörn sína, sje að skoða sem kvíttun fyrir öllum höfuðstól skuldarinnar eptir skuldarbrjefinu 24. ág. 1885 að undanskildum 67 kr. 50 a., og þar sem hann eigi heldur hefir gegn neitun áfrýjandans á annan hátt sannað, að hann hafi greitt neitt upp í höfuðstól tjeðrar skuldar, ber að taka í því efni til greina kröfu áfrýjandans og dæma hann til að greiða dánarbúi Stefáns Ólafssonar 2200 króna höfuðstól ásamt eldri vaxta-eptirstöðvum kr. 67,50, samtals kr. 2267,50, að frádregnum 60 kr., andvirði einnar brennivinstunnu, eða 2207 kr. 50 a., með vöxtum af 2200 kr., eins og krafizt hefir verið. Það ber því að breyta bæjarþingsdóminum samkvæmt þessu. Málskostnað ber stefnda að greiða dánarbúinu með 60 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Rafn skósmiður Sigurðsson, greiði áfrýjandanum, dánarbúi Stefáns Ólafssonar, 2207 kr. 50 a. og auk þess vexti af 2200 kr. 4% á ári frá 27. júlí 1889 til sáttakærudags og 5% á ári frá sáttakæruðegi til borgunardags. Svo greiði stefndi og dánarbúinu í málskostnað 60 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.